

# ÍST EN ISO 14001:2004

## Efnisyfirlit

1	Umfang	10
2	Tilvísanir í staðla	10
3	Hugtök og skilgreiningar	11
4	Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis	14
4.1	Almennar kröfur	14
4.2	Umhverfisstefna	14
4.3	Skipulagning	15
4.4	Innleiðing og starfræksla	16
4.5	Gátun	19
4.6	Rýni stjórnenda	21

### Viðauki A (til fróðleiks)

Leiðsögn um notkun þessa staðals	23
----------------------------------	----

### Viðauki B (til fróðleiks)

Tengsl milli ISO 14001:2004 og ISO 9001:2000	36
Ritaskrá	44

## Contents

1	Scope	10
2	Normative references	10
3	Terms and definitions	11
4	Environmental management system requirements	14
4.1	General requirements	14
4.2	Environmental policy	14
4.3	Planning	15
4.4	Implementation and operation	16
4.5	Checking	19
4.6	Management review	21

### Annex A (informative)

Guidance on the use of this International Standard	23
--	----

### Annex B (informative)

Correspondence between ISO 14001:2004 and ISO 9001:2000	36
Bibliography	44

## Formáli

ISO (International Organization for Standardization – Alþjóðlegu staðlasamtökin) eru alþjóðleg samtök staðlasstofnana einstakra landa (ISO meðlima). Vinna við samningu alþjóðastaðla fer venjulega fram í tækninefndum ISO. Sérhver meðlimur, sem hefur áhuga á því efnis sviði sem tækninefnd hefur verið stofnuð um, á rétt á að eiga fulltrúa í nefndinni. Alþjóðlegar stofnanir, bæði ríkisstofnanir og aðrar stofnanir, taka einnig þátt í starfinu í samvinnu við ISO. ISO hefur einnig náði samstarf við Alþjóða raftækniráðið (International Electrotechnical Commission, IEC) í öllum þáttum er varða stöðlun á sviði raftækni.

Alþjóðastaðlar eru samdir í samræmi við Vinnureglur ISO/IEC, hluta 2.

Meginverkefni tækninefnda er að undirbúa alþjóðastaðla. Frumvörpum að alþjóðastöðlum, sem tækninefndirnar hafa komið sér saman um, er dreift til meðlima samtakanna til atkvæðagreiðslu. Alþjóðastaðall er ekki gefinn út nema að minnsta kosti 75% þeirra meðlima sem greiða atkvæði hafi samþykkt staðalinn.

Athygli er vakin á því að sum atriði í þessum alþjóðastaðli gætu fallið undir einkaleyfi. ISO ber ekki ábyrgð á að tilgreina einstök eða öll slík einkaleyfi.

Alþjóðastaðalinn ISO 14001 var saminn af tækninefndinni ISO/TC 207, Environmental management, undirnefnd SC 1, Environmental management systems.

Þessi önnur útgáfa fellir úr gildi og kemur í stað fyrstu útgáfu (ISO 14001:1996), sem hefur verið tæknilega endurskoðuð.

## Foreword

ISO (the International Organization for Standardization) is a worldwide federation of national standards bodies (ISO member bodies). The work of preparing International Standards is normally carried out through ISO technical committees. Each member body interested in a subject for which a technical committee has been established has the right to be represented on that committee. International organizations, governmental and non-governmental, in liaison with ISO, also take part in the work. ISO collaborates closely with the International Electrotechnical Commission (IEC) on all matters of electrotechnical standardization.

International Standards are drafted in accordance with the rules given in the ISO/IEC Directives, Part 2.

The main task of technical committees is to prepare International Standards. Draft International Standards adopted by the technical committees are circulated to the member bodies for voting. Publication as an International Standard requires approval by at least 75 % of the member bodies casting a vote.

Attention is drawn to the possibility that some of the elements of this document may be the subject of patent rights. ISO shall not be held responsible for identifying any or all such patent rights.

ISO 14001 was prepared by Technical Committee ISO/TC 207, Environmental management, Subcommittee SC 1, Environmental management systems.

This second edition cancels and replaces the first edition (ISO 14001:1996), which has been technically revised.

# ÍST EN ISO 14001:2004

## Inngangur

Fyrirtæki af öllum gerðum leitast í auknum mæli við að standa vel að umhverfismálum og sýna góða frammi-stöðu á því sviði með því að stýra þeim áhrifum sem starfsemi þeirra, vörur eða þjónusta hafa á umhverfið, í samræmi við umhverfisstefnu og umhverfismarkmið fyrir-tækjanna. Þessi viðleitni er í samræmi við sífellt strang-ari löggjöf og tilkomu efnahagsaðgerða og annarra ráð-stafana sem stuðla að umhverfisvernd, auk þess sem áhugi hagsmunaaðila á umhverfismálum, þar á meðal sjálfbærri þróun, fer vaxandi.

Mörg fyrirtæki hafa beitt umhverfislegri „rýni“ eða „út-tekjum“ til að meta frammistöðu sína í umhverfismál-um. Rýni og úttektir nægja þó ekki einar sér til að veita fyrirtæki fullvissu um að frammistaða þess uppfylli nú eða til frambúðar þær kröfur sem settar eru fram í lögum og í stefnu fyrirtækisins. Ef slíkar aðgerðir eiga að vera markvissar verður að beita þeim innan skipulegs stjórn-unarkerfis sem fellt er inn í heildarstjórnun fyrirtækisins.

Með alþjóðlegum stöðlum um stjórnun umhverfismála er ætlunin að láta fyrirtækjum í té verkfæri til að reka skilvirkt umhverfisstjórnunarkerfi, sem hægt er að sam-þætta öðrum stjórnunarkröfum, og veita fyrirtækjum þannig lið við að ná markmiðum sínum í umhverfis- og efnahagsmálum. Þessum stöðlum, sem og öðrum al-þjóðastöðlum, er ekki ætlað að reisa tæknilegar viðskipta-hindranir ellegar auka eða breyta lagalegum skyldum fyrirtækis.

Í þessum alþjóðlega staðli eru tilgreindar kröfur til slíks umhverfisstjórnunarkerfis til að gera fyrirtæki kleift að þróa stefnu og markmið sem taka mið af lagalegum kröfum í umhverfismálum og upplýsingum um þýðingar-mikla umhverfisþætti. Staðallinn á að henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum og á að vera hægt að laga hann að mismunandi landfræðilegum, menningarlegum og félagslegum aðstæðum.

Meginatriði aðferðarinnar eru sýnd á mynd 1. Velgengni kerfisins byggist á skuldbindingu starfsfólks í öllum starfsdeildum og stigum fyrirtækisins, en einkum þó skuldbindingu yfirstjórnar. Kerfi af þessu tagi gerir fyrir-tæki kleift að þróa umhverfisstefnu, setja fram markmið og koma upp ferlum til að uppfylla umhverfisstefnuna og grípa til nauðsynlegra aðgerða til að bæta enn frekar frammistöðu sína og sýna fram á samræmi við kröfur þessa alþjóðastaðals.

Megintilgangurinn með þessum alþjóðastaðli er að stuðla að umhverfisvernd og mengunarvörnum í sátt við hag-rænar og félagslegar þarfir. Vakin er athygli á því að hægt er að taka á mörgum kröfum samtímis eða geyma ein-hverjar til síðari tíma.

## Introduction

Organizations of all kinds are increasingly concerned with achieving and demonstrating sound environmen-tal performance by controlling the impacts of their activities, products and services on the environment, consistent with their environmental policy and objec-tives. They do so in the context of increasingly stringent legislation, the development of economic policies and other measures that foster environmental protection, and increased concern expressed by interested parties about environmental matters and sustainable develop-ment.

Many organizations have undertaken environmental “reviews” or “audits” to assess their environmental per-formance.

On their own, however, these “reviews” and “audits” may not be sufficient to provide an organization with the assurance that its performance not only meets, but will continue to meet, its legal and policy requirements. To be effective, they need to be conducted within a structured management system that is integrated with-in the organization.

International Standards covering environmental man-agement are intended to provide organizations with the elements of an effective environmental management system (EMS) that can be integrated with other man-agement requirements and help organizations achieve environmental and economic goals. These standards, like other International Standards, are not intended to be used to create non-tariff trade barriers or to increase or change an organization’s legal obligations.

This International Standard specifies requirements for an environmental management system to enable an organization to develop and implement a policy and objectives which take into account legal requirements and information about significant environmental aspects. It is intended to apply to all types and sizes of organiza-tion and to accommodate diverse geographical, cultural and social conditions. The basis of the approach is shown in Figure 1. The success of the system depends on commitment from all levels and functions of the organization, and especially from top management. A system of this kind enables an organization to develop an environmental policy, establish objectives and pro-cesses to achieve the policy commitments, take action as needed to improve its performance and demonstrate the conformity of the system to the requirements of this International Standard.


The overall aim of this International Standard is to sup-port environmental protection and prevention of pollu-tion in balance with socio-economic needs. It should be noted that many of the requirements can be addressed concurrently or revisited at any time.

Önnur útgáfa þessa alþjóðastaðals beinist einkum að því að gera fyrstu útgáfuna gleggri, auk þess sem ákvæðum ISO 9001 hefur verið bætt við þar sem talið er að það auki samræmi þessara tveggja staðla með hagsmuni notenda að leiðarljósi.

Til að auðvelda notkun hafa númer á undirköflum í kafla 4 í aðaltexta þessa alþjóðastaðals og í viðauka A verið samræmd. Til dæmis: 4.3.3 og A.3.3 taka báðir til markmiða, takmarka og áætlana og 4.5.5 og A.5.5 eiga báðir við innri úttektir. Að auki tilgreinir viðauki B gagnkvæma tæknilega samsvörun á milli ISO 14001:2004 og ISO 9001:2000.

Mikilvægt er að greina á milli þessa alþjóðastaðals, sem lýsir kröfum sem gerðar eru til umhverfisstjórnunarkerfis fyrirtækis og hægt er að votta eftir og/eða sem nota má til eigin yfirlýsingar fyrirtækis um umhverfisstjórnunarkerfi, og óvottunarhæfra leiðbeininga, sem er ætlað að veita fyrirtækjum almenna aðstoð við að koma á eða endurbæta umhverfisstjórnunarkerfi. Stjórnun umhverfismála nær yfir ótal mörg svið, þar á meðal atriði sem snerta stjórnunarhætti og samkeppni. Með því að sýna fram á að tekist hafi að uppfylla kröfur þessa alþjóðastaðals geta fyrirtæki fullvissað hagsmunaaðila um að viðeigandi umhverfisstjórnunarkerfi sé fyrir hendi.

Leiðbeiningar um aðferðir er varða stjórnun umhverfismála er að finna í öðrum alþjóðastöðlum, sérstaklega þeim sem fjalla um stjórnun umhverfismála og samdir hafa verið af ISO/TC 207. Sérhver önnur tilvísun í aðra alþjóðastaðla er eingöngu til fróðleiks.



Mynd 1 – Líkan að umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt þessum alþjóðastaðli

The second edition of this International Standard is focused on clarification of the first edition, and has taken due consideration of the provisions of ISO 9001 to enhance the compatibility of the two standards for the benefit of the user community.

For ease of use, the subclause numbers in Clause 4 of the body of this International Standard and in Annex A have been related. For example, 4.3.3 and A.3.3 both deal with objectives, targets and programme(s), and 4.5.5 and A.5.5 both deal with internal audit. In addition, Annex B identifies broad technical correspondences between ISO 14001:2004 and ISO 9001:2000 and vice versa.

There is an important distinction between this International Standard, which describes the requirements for an organization's environmental management system and can be used for certification/registration and/or selfdeclaration of an organization's environmental management system, and a non-certifiable guideline intended to provide generic assistance to an organization for establishing, implementing or improving an environmental management system. Environmental management encompasses a full range of issues, including those with strategic and competitive implications. Demonstration of successful implementation of this International Standard can be used by an organization to assure interested parties that an appropriate environmental management system is in place.

Guidance on supporting environmental management techniques is contained in other International Standards, particularly those on environmental management in the documents established by ISO/TC 207. Any reference to other International Standards is for information only.




Figure 1 – Environmental management system model for this International Standard

# ÍST EN ISO 14001:2004

ATHUGASEMD Þessi alþjóðastaðall er grundvallaður á aðferðafræðinni sem nefnist „Plan-Do-Check-Act“ (PDCA). PDCA má í stuttu máli lýsa sem hér segir:

- Skipuleggja: setja fram markmið og koma upp þeim ferlum sem nauðsynleg eru til þess að skila árangri sem samræmist umhverfisstefnu fyrirtækisins.
- Gera: innleiða ferlin.
- Gáta: vakta og mæla ferli í samanburði við umhverfisstefnu, markmið, takmörk, lagalegar og aðrar kröfur og skýra frá niðurstöðunum.
- Aðhafast: grípa til aðgerða til þess að bæta stöðugt frammistöðu umhverfisstjórnunarkerfisins.

Mörg fyrirtæki stjórna rekstri sínum með því að beita kerfi ferla og samverkan þeirra, og er hægt að kalla það „ferlisnálgun“. ISO 9001 hvetur til beitingar ferlisnálgunar. Þar sem hægt er að beita PDCA á öll ferli eru báðar aðferðirnar sambærilegar.

Í þessum alþjóðastaðli er einvörðungu að finna þær kröfur sem hægt er að taka út á hlutlægan hátt. Fyrirtækjum sem þurfa á almennari leiðbeiningum að halda um ýmis málefni varðandi stjórnun umhverfismála er bent á ISO 14004.

Athygli er vakin á því að í þessum alþjóðastaðli eru ekki settar fram einhlítar kröfur um frammistöðu í umhverfismálum umfram þá skuldbindingu sem fram kemur í umhverfisstefnunni um að fylgja viðkomandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem fyrirtækið hefur undirgengist, að koma í veg fyrir mengun og halda uppi stöðugum umbótum. Þannig geta tvö fyrirtæki sem eru með svipaða starfsemi en standa ólíkt að umhverfismálum bæði uppfyllt kröfur staðalsins.

Með því að taka upp og innleiða á kerfisbundinn hátt margvíslegar tæknilegar umhverfisstjórnunaraðferðir má stuðla að árangri sem er ákjósanlegur fyrir alla hagsmunaaðila. Hins vegar er notkun þessa alþjóðastaðals í sjálfu sér engin trygging fyrir ákjósanlegum árangri í umhverfismálum. Til þess að fyrirtæki nái markmiðum í umhverfismálum getur umhverfisstjórnunarkerfið verið hvatning til þess að hugleiða innleiðingu bestu fánlegu aðferða, eins og við á og þar sem það er fjárhagslega raunhæft, auk þess að taka fullt tillit til kostnaðarhagkvæmni slíkra aðferða.

Þessum alþjóðastaðli er ekki ætlað að taka á kröfum sem eru tilgreindar í öðrum stjórnunarkerfum, svo sem gæðastjórnun, stjórnun öryggis- og vinnuverndarmála, stjórnun fjármála eða áhættustjórnun, þó að atriði staðalsins séu oft í samræmi við eða falli vel inn í aðrar gerðir stjórnunarkerfa. Það er mögulegt fyrir fyrirtæki að nýta

NOTE This International Standard is based on the methodology known as Plan-Do-Check-Act (PDCA). PDCA can be briefly described as follows.

- Plan: establish the objectives and processes necessary to deliver results in accordance with the organization's environmental policy.
- Do: implement the processes.
- Check: monitor and measure processes against environmental policy, objectives, targets, legal and other requirements, and report the results.
- Act: take actions to continually improve performance of the environmental management system.

Many organizations manage their operations via the application of a system of processes and their interactions, which can be referred to as the “process approach”. ISO 9001 promotes the use of the process approach. Since PDCA can be applied to all processes, the two methodologies are considered to be compatible.

This International Standard contains only those requirements that can be objectively audited. Those organizations requiring more general guidance on a broad range of environmental management system issues are referred to ISO 14004.

This International Standard does not establish absolute requirements for environmental performance beyond the commitments, in the environmental policy, to comply with applicable legal requirements and with other requirements to which the organization subscribes, to prevention of pollution and to continual improvement. Thus, two organizations carrying out similar operations but having different environmental performance can both conform to its requirements.

The adoption and implementation of a range of environmental management techniques in a systematic manner can contribute to optimal outcomes for all interested parties. However, adoption of this International Standard will not in itself guarantee optimal environmental outcomes. In order to achieve environmental objectives, the environmental management system can encourage organizations to consider implementation of the best available techniques, where appropriate and where economically viable, and fully take into account the cost-effectiveness of such techniques.

This International Standard does not include requirements specific to other management systems, such as those for quality, occupational health and safety, financial or risk management, though its elements can be aligned or integrated with those of other management systems. It is possible for an organization to adapt its

núverandi stjórnunarkerfi til að koma upp umhverfisstjórnunarkerfi sem samræmist kröfum þessa alþjóðaðaðs. Vert er að benda á að beiting mismunandi atriða stjórnunarkerfisins getur verið mismunandi eftir ætluðum tilgangi og þeim hagsmunaaðilum sem hlut eiga að máli.

Það hversu flókið og margbrotið umhverfisstjórnunarkerfið á að vera, umfang skjalfestingar og auðlindir sem ætla þarf kerfinu, er háð nokkrum þáttum, svo sem umfangi kerfisins, stærð fyrirtækis og eðli starfseminnar, vöru og þjónustu. Sérstaklega kann þetta að vera tilfallið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

existing management system(s) in order to establish an environmental management system that conforms to the requirements of this International Standard. It is pointed out, however, that the application of various elements of the management system might differ depending on the intended purpose and the interested parties involved.

The level of detail and complexity of the environmental management system, the extent of documentation and the resources devoted to it depend on a number of factors, such as the scope of the system, the size of an organization and the nature of its activities, products and services. This may be the case in particular for small and medium-sized enterprises.

# ÍST EN ISO 14001:2004

## Umhverfisstjórnunarkerfi – kröfur ásamt leiðsögn um notkun

### 1 Umfang

Í þessum alþjóðastaðli eru tilgreindar kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis sem gera fyrirtæki kleift að þróa og innleiða stefnu og markmið í umhverfismálum með hliðsjón af lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem fyrirtækið undirgengst, og upplýsingum um umtalsverð umhverfisáhrif. Hann gildir um þá umhverfisþætti sem fyrirtækið getur stýrt og haft áhrif á. Í staðlinum sjálfum eru ekki settir fram sérstakir mælikvarðar á frammistöðu í umhverfismálum.

Þessum alþjóðlega staðli má beita í hverju því fyrirtæki sem vill

- a) koma upp, innleiða, viðhalda og bæta umhverfisstjórnunarkerfi,
- b) fá fullvissu um að starfsemi þess samræmist yfirlýstri umhverfisstefnu þess,
- c) sýna fram á samræmi við þennan alþjóðastaðal með því að
  - 1) ákvarða og lýsa sjálft yfir samræmi, eða
  - 2) leita eftir staðfestingu á samræmi hjá aðilum sem hafa hagsmuna að gæta varðandi fyrirtækið, s.s. viðskiptavinum, eða
  - 3) leita eftir staðfestingu á eigin yfirlýsingu um samræmi hjá aðila utan fyrirtækisins, eða
  - 4) leita eftir vottun utanaðkomandi fyrirtækis á umhverfisstjórnunarkerfi sínu.

Allar kröfur þessa alþjóðastaðals ættu að vera felldar inn í hvaða umhverfisstjórnunarkerfi sem er. Það að hve miklu leyti þeim er beitt fer eftir atriðum eins og umhverfisstefnu fyrirtækisins, eðli starfseminnar, vörum og þjónustu, staðsetningu og aðstæðunum sem fyrirtækið starfar við. Í viðauka A við þennan alþjóðastaðal er til fróðleiks veitt leiðsögn um notkun hans.

### 2 Tilvísanir í staðla

Ekki er vísað í neina staðla. Þessi kafli er eingöngu hafður til að tryggja að númer kafla séu eins og í fyrri útgáfu (ISO 14001:1996).

## Environmental management systems – Requirements with guidance for use

### 1 Scope

This International Standard specifies requirements for an environmental management system to enable an organization to develop and implement a policy and objectives which take into account legal requirements and other requirements to which the organization subscribes, and information about significant environmental aspects. It applies to those environmental aspects that the organization identifies as those which it can control and those which it can influence. It does not itself state specific environmental performance criteria.

This International Standard is applicable to any organization that wishes to

- a) establish, implement, maintain and improve an environmental management system,
- b) assure itself of conformity with its stated environmental policy,
- c) demonstrate conformity with this International Standard by
  - 1) making a self-determination and self-declaration, or
  - 2) seeking confirmation of its conformance by parties having an interest in the organization, such as customers, or
  - 3) seeking confirmation of its self-declaration by a party external to the organization, or
  - 4) seeking certification/registration of its environmental management system by an external organization.

All the requirements in this International Standard are intended to be incorporated into any environmental management system. The extent of the application depends on factors such as the environmental policy of the organization, the nature of its activities, products and services and the location where and the conditions in which it functions. This International Standard also provides, in Annex A, informative guidance on its use.

### 2 Normative references

No normative references are cited. This clause is included in order to retain clause numbering identical with the previous edition (ISO 14001:1996).